

II.

Og miðnætursólin þar brósir svo blíð
 og þaðast í gullrendum öldum.
 En skuggarnir læðast frá hamri og hlíf
 sem hlustandi svipir frá ómunatíð,
 sem drættir í útsaum af íslenskum kvöldum,
 sem ímynd af hálans tjöldum.

Og sæfarinn berst upp á sólroðinn tind
 og sjónum um landið sitt rennir:—
 Þar jöklanna svipmikla, sveilsteypta mynd
 í sæblárri laugar sig himinsins lind, —
 en röðull í glóandi geislum þá brennir,
 og gnípunar ljósörmum spennir.

Og nið'r undan freyða þeim fallþungar ár
 með fossum og strengjum og hyljum,
 er lagið sitt gnýsterka ár eftir ár
 til eilíðar drynja, svo jökullinn hár
 sem álmstrengur bifast, — en gnauðar í giljum
 og gnípunum af stórviðris byljum.

En neðra, um hlíðar og hjalla og sund,
 er háværðin þýðari og minni,—
 Því lágnóttin fuglana fellir í blund
 og faðmar öll blómin með dagvotri mund.
 Svo lindurnar einar, á ljóðhörpu sinni,
 nú leika sitt ættjarðarminni.

Um óttuskeið röðull er runninn úr lá,
 og rökkrið til undanhalds lætur,
 en svalandi fjallblærinn strýkur hvert strá,
 og stýrurnar þurkar af letingjans brá. — — —
 Eg svo vildi mynd hinnar síðustu nætur,
 er sofna' eg þér, Ísland, við fætur.